

**Hafnarfjarðarbær**  
**Strandgötu 6**  
**220 Hafnarfirði**

Reykjavík 16. nóvember 2017

***Efni: Samningur um afritun höfundaréttarvarins efnis***

Vísað er til erinda frá því í febrúar, apríl og september á þessu ári, sem varða samninga um afritun höfundaréttarvarins efnis. Fjölís, hagsmunafélag höfundaréttarsamtaka og Samband íslenskra sveitarfélaga luku við endurskoðun rammasamnings sem öllum sveitarfélögum landsins var boðinn í upphafi árs. Nú hafa 72% allra íslenskra sveitarfélaga undirritað samningana.

Samningurinn nær til allrar afritunar í starfsemi sveitarfélagsins, hvort heldur sem hún tilheyrir félagsþjónustu, endurmenntun, félagsstarfi, stjórnslu eða öðrum rekstri. Hann nær til alls höfundaréttarvarins efnis, íslensks og erlends, texta, mynda, teikninga, nótna, grafa, línurita, korta o.þ.h. og stafrænnar og hliðrænnar afritunar og hvort tveggja físiðskrar og rafrænnar dreifingar. Undanskilin er afritun höfundaréttarvarins efnis kennara og nemenda í leik- og grunnskólum sem menntamálaráðuneytið hefur þegar samið um.

Rammasamningurinn sem liggur fyrir eftir samstarf Fjölís og Sambandsins, gerir ráð fyrir að greiddar séu 590 kr. á ársgrundvelli fyrir hvert stöðugildi, að frátöldum stöðugildum starfsmanna sem tilheyra KÍ. Endurgjaldið tekur því mið af fjölda stöðugilda árið á undan. Skv. Árbók Sambandsins voru stöðugildi hjá Hafnarfjarðarbæ, án KÍ starfsmanna, 835,2 á árinu 2016. Heildarendurgjald er því 492.768 kr. fyrir árið 2017.

Nánari upplýsingar eru gefnar af Fjölís í síma 511-2212 eða á netfanginu [fjolis@fjolis.is](mailto:fjolis@fjolis.is). Þá geta bæði Valur Rafn Halldórsson og Tryggvi Þórhallsson hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga gefið upplýsingar um samningana. Kynningarmyndband má finna á heimasíðu Fjölís, [www.fjolis.is](http://www.fjolis.is)

Ég leyfi mér hér með að senda samninginn undirritaðan að nýju, óska þess að hann verði undirritaður af hálfu bæjarins og afrit af honum sent á skrifstofu félagsins í Aðalstræti 6, 5. hæð, 101 Reykjavík eða með tölvupósti á [fjolis@fjolis.is](mailto:fjolis@fjolis.is).

Jafnframt fylgir hér með reikningur fyrir árið 2017. Rafræn krafa hefur verið stofnuð á kennitölu bæjarins með gjalddaga 1. desember 2017 og eindaga 15 dögum síðar.

Helga Sigrún Harðardóttir

framkvæmdastjóri